

Reglur um hvatapeninga árið 2023

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 2005-2018) kr. 55.000 í hvatapeninga á árinu 2023. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. **Hvatapeninga ársins 2023 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2022 og 2023. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2023 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára.**

Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfin Sportabler eða Nóra þarf að koma reikningi til þjónustuvers Garðabæjar með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Sportabler eða Nóra.

Nýta þarf hvatapeninga ársins 2023 fyrir áramót. Kvittunum á að skila fyrir lokun þjónustuvers Garðabæjar þann 28. desember.

Reglur um notkun hvatapeninga:

1. **Skilyrði** þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða **að lágmarki 10 vikur**. Undantekning er 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum og skátastarf.
2. Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglinganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2005, 2006 og 2007), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

20. desember 2022

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.